

12.4.2017

Til nefndasviðs Alþingis

Óskað er umsagnar Þjóðminjasafns Íslands um frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, 411. mál.

Þjóðminjasafn Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, en bendir á að fjölmargir ferðamannastaðir eru í eigu ríkisins. Á það við um 50 sögustaði á vegum Þjóðminjasafns Íslands, þar sem eru friðuð hús í eigu ríkissjóðs, m.a. einstakur torfhúsaarfur sem er á yfirlitsskrá Íslands vegna heimsmínjaskrár UNESCO. Á þessum sögustöðum húsaafns Þjóðminjasafns eru víða rekin söfn og veitt ferðaþjónusta á vegum sveitarfélaganna, sem annast rekstur starfseminnar skv. samningi við Þjóðminjasafnið. Viðhald húsa og varðveisla er þó ávallt á ábyrgð ríkisins sem greiðir viðgerðar- og viðhaldskostnað skv. fjárveitingum til Þjóðminjasafns sem þar með tryggir aðgengi að húsunum. Það á við m.a. við um varðveislu torfhúsanna í Glaumbæ í Skagafirði, Laufás í Eyjafirði, Húsið á Eyrabakka og Grenjaðarstað svo dæmi séu tekin. Þessi staðir eru afar fjölsóttir af ferðamönnum sem þiggja þjónustu viðurkenndra minjasafna á vegum sveitarfélaganna samkvæmt gjaldskrá /aðgangseyri. Samstarf ríkis og sveitarfélaga er mikilvægt í þessu verkefni, sem hefur vaxandi vægi með auknum fjölda ferðamanna sem hafa hug á því að skoða einstaka minjastaði um allt land.

Sjá nánar: <http://www.thjodminjasafn.is/thjonusta/safnkostur/husasafn/>



Með kveðju | Kind regards

Margrét Hallgrímsdóttir
Þjóðminjavörður |
Director General
margret@thjodminjasafn.is

Þjóðminjasafn Íslands | The National Museum of Iceland
v/Suðurgötu | 101 Reykjavík,
Sími/Tel. (354) 530 2236 | 861 2200
www.thjodminjasafn.is